

Nd.

116. Nefndarálit

[34. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Hálshús í Reykjarfjarðarhreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin ræddi málið á tveimur fundum og fékk umsögn um það frá Pálma Einarssyni landnámsstjóra. Mælti hann eindregið með samþykkt frumvarpsins.

Áður hafði málið verið stutt meðmælum hreppsnefndarinnar í Reykjarfjarðarhreppi og héraðsráðunautarins í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Með hliðsjón af framansögðu eru allir nefndarmenn sammála um að mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 25. nóv. 1965.

Óskar E. Levy,
form.

Jónas Pétursson.

Benedikt Gröndal,
fundaskr.

Ásgeir Pétursson.
Björn Pálsson.

Hannibal Valdimarsson
frsm.

Ágúst Þorvaldsson.